

Varnaraðili, Magnús Thorlacius hrl. f. h. Matstofunnar Bjarkar, heldur því hins vegar fram, að þann 31. maí s. l. hafi hlutafélagið Matstofan Björk verið stofnað, en skrásetningu á félaginu hafi ekki verið lokið, áður en Anna Guðmundsdóttir, ritari félagsins, hafi farið til útlanda og gjaldkerinn, Rakel Sigurðardóttir, til Vestmannaeyja. Enn fremur heldur varnaraðili því fram, að meiri hluti hluthafafundar hafi þann 29. september s. l. samþykkt að slíta félaginu vegna ósamkomulags, og að þau slit heyri ekki undir skiptaréttinn samkvæmt hlutafélagalögunum. Varnaraðili krefst og þess, að úrskurðað verði um frestinn, eins og málið lá fyrir þann 9. október s. l., og telur annað lögleysu.

Rétturinn lítur svo á, að varnaraðilja geti verið nauðsynlegur nokkur frestur til gagnasöfnunar, aðiljayfirheyrslu og vitnaleiðslu í máli þessu og að leggja verði málið til grundvallar, svo sem því var heimvisað með dómi hæstaréttar þann 5. nóvember s. l. Þykir fresturinn eftir atvikum hæfilega ákveðinn 2 vikur.

Því úrskurðast:

Frestur í málinu Anna Guðmundsdóttir o. fl. gegn Matstofunni Björk skal vera 2 vikur frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Mánudaginn 2. desember 1946.

Nr. 79/1946. **Stórstúka Íslands** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn

**Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjar-
sjóðs** (Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað Árna Tryggvasonar.

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfélagins í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 14. júní þ. á., gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Hagnaði af bókasölu Stórstúku Íslands ber samkvæmt samþykktum hennar að verja til eflingar bindindi í landinu og þannig að vinna gegn áfengishöli. Er ekkert fram komið, sem bendi til þess, að greindum tekjum sé varið á annan hátt. Þar sem þessi starfsemi miðar til almenningsheilla, þá þykir stefndi vera undanþeginn útsvarsskyldu af rekstri bókabúðar sinnar samkvæmt 6. gr. A, II, 2, c lið laga nr. 66/1945.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og neita um framkvæmd hins umbeðna lögtaks.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda samtals 800 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Stórstúku Íslands, 800 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógataréttar Reykjavíkur 2. maí 1946.

Gerðarþola, Bókabúð Æskunnar hér í bæ, var gert að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir árið 1945 kr. 2500.00. Þar eð gerðarþoli hefur ekki greitt útsvar þetta, hefur borgarstjórinn í Reykjavík krafist þess, að það yrði innheimt með lögtaki.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögtaksgerðar, þar eð hann telur, að gerðarþoli sé undanþeginn útsvarsskyldu samkvæmt c-lið 2. kafla 6. gr. útsvarslaganna. Kveður hann Stórstúku Íslands eiganda bókabúðar Æskunnar, að öllum ágóða af rekstri búðarinnar sé varið til hagsmuna fyrir Góðtemplararegluna og því til almenningsheilla.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur haldið því fram í málinu, að þótt Góðtemplarareglan sem slík kunni að vera undanþeginn útsvarsskyldu að lögum, sem önnur mannúðar- og menningarfélög, þá eigi undantekningarákvæðin í c-liðum 2. og 3. kafla 6. greinar útsvarslaganna þó aðeins við, að starfsemi þar greindra félaga og stofnana, sem tekna sé aflað með, sé í samræmi við eðlilegt starfsvið félagsins eða stofnunarinnar, svo sem það sé nánar skilgreint í lögum og ákvæðum um tilgang félagsskaparins, sem hlut á að máli.

Það hefur komið fram í málinu, enda ekki véfengt af gerðarbeiðanda, að I. O. G. T. hér á landi sé eigandi Bókabúðar Æskunnar. En enda þótt svo sé, verður rétturinn að líta svo á, að þó að sá félagsskapur sé undanþeginn útsvarsskyldu samkvæmt c-lið 2. kafla 6. gr. útsvarslaganna, þá leiði ekki eo ipso af því, að fyrirtæki það, sem Góðtemplarareglan rekur og í þessu tilfelli Bókabúð Æskunnar, séu undanþegin útsvarsskyldu yfirleitt. Lítur rétturinn svo á, að til þess að svo megi verða, verði starfsemi sú, sem um ræðir, að vera innan og í eðlilegu samræmi við eðlilegt starfssvið viðkomandi félagsskapar. Bókaverzlun er hins vegar almennur atvinnurekstur, sem hvaða félag eða einstaklingur, sem er, getur rekið og rekur, en miðar ekki í eðli sínu sérstaklega til mannúðar- eða menningar í því tilfelli, sem hér um ræðir, fremur en sagt verður um aðrar bókaverzlanir, sem reknar eru í landinu. Því verður ekki séð, að fyrir liggi næg rök til þess, að fallið verði á, að gerðarþoli sé undanþeginn útsvarsskyldu samkvæmt áðurnefndum ákvæðum útsvarslaganna. Þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 6. desember 1946.

Nr. 128/1946. Réttvísir og valdstjórnir

(Hrl. Einar Arnórsson)

gegn

Þorvaldi Jónassyni (Hrl. Sigurður Ólason).

Setudómarar próf. Ísleifur Árnason og
hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd.
Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Brot gegn 219. og 245. gr. laga nr. 19/1940 og brot gegn bifreiðalögum, umferðarlögum, áfengislögum og lög-reglusamþykkt.

Dómur hæstaréttar.

Taka ákærða á oliutunnum og brúsum hinn 1. maí þ. á. varðar við 245. gr. laga nr. 19/1940. Að öðru leyti eru brot ákærða rétt færð til refsíákvæða. Með hliðsjón af 72. gr.